

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 16. janúar 2017
2016120008/42-8
TB
jgo/tb

Allt að 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, frummatsskýrsla, umsögn

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 6. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum allt að 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi.

Náttúrufræðistofnun er ætlað, á grundvelli hlutverks stofnunarinnar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1990 og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, að gera grein fyrir því hvort stofnunin telji að í frummatsskýrslu sé á fullnægjandi hátt gerð grein fyrir framangreindri framkvæmd og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og mati framkvæmdaaðila á þeim og hvort þörf er á að kanna tiltekin atriði frekar s.s. mótvægisáðgerðir og vöktun. Frummatsskýrsla er þannig undanfari endanlegrar matsskýrslu sem álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina mun byggja á og þar með leyfisveitingar.

Hlutverk Náttúrufræðistofnunar, sem snýr að mati á umhverfisáhrifum, felst fyrst og fremst í því að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda, meta verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrif mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Þau viðmið sem stofnunin leggur til grundvallar er fyrst og fremst að finna í lögum um náttúruvernd og í þessu tilfelli er sérstaklega tekið mið af 2. og 63. gr. laganna, og öðrum greinum sem eiga við, sem fjalla um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og komið er inn á í kafla 6.2.3. í frummatsskýrslunni.

Almennt

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru það fyrst og fremst þrjú þættir í framangreindu mati sem geta haft bein og óbein áhrif á vistkerfi, vistgerðir, búsvæði og tegundir dýra og plantna. Í fyrsta lagi er það mengun í tengslum við burðarþol fiskeldissvæðanna en mengun getur eytt búsvæðum eða breytt tegundasamsetningu á ákveðnum svæðum og haft þannig bein og óbein áhrif á lífríkið. Í öðru lagi er það notkun framandi tegunda, hér lax af norskum uppruna sem búið er að „kynbæta“ fyrir eldi, en hann getur bæði haft bein áhrif á villta laxastofna með erfðablöndun og haft áhrif á möguleika villtra stofna til að nýta náttúruleg búsvæði og þannig haft áhrif á viðkomu villtra laxastofna. Í þriðja lagi eru það ýmsir sjúkdómar og sníkjudýr sem ýmist eru náttúrulegir fyrir viðkomandi svæði eða geta borist inn á svæðið vegna fiskeldisins,



magnast og dreifst og haft alvarlegar afleiðingar.

Frummatsskýrslan er að mati Náttúrufræðistofnunar á margan hátt ítarleg og vel unnin. Þar er fjallað um flesta þá þætti sem nauðsynlegt er að koma inn á hvað varðar framangreinda þrjá þætti. Skýrslan hefur þó ákveðna annmarka þar sem engin nákvæm svör eru við því hvaða afleiðingar, umhverfisáhrif, framkvæmdin hefur í för með sér sérstaklega hvað varðar erfðablöndun og sjúkdóma. Það er ljóst að þetta tiltekna fiskeldi í Ísafjarðardjúpi ásamt öðru fyrirhugðu fiskeldi mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif sem sum hver geta verið varanleg og í andstöðu við t.d. meginmarkmið laga um náttúruvernd. Þetta á fyrst og fremst við erfðablöndun og nýja sjúkdóma. Þessu er vel lýst í frummatsskýrslunni en afstaða framkvæmdaraðila er að áhættan sé ásættanleg. Flest önnur áhrif eiga að geta verið afturkræf ef litið er til langs tíma og hægt að lágmarka á rekstrartíma ef rétt er á haldið og á þetta við t.d. um mengun. Áhrif á landslag eru afturkræf.

Náttúrufræðistofnun vill taka fram að þrátt fyrir allar mótvægisáðgerðir hafa orðið slys í fiskeldi og því er það leyfisveitenda að meta hvað er ásættanleg áhætta. Inn á þessi atriði er komið í frummatsskýrslunni. Þar er t.d. rakin áhætta af sammögnunaráhrifum vegna annars fiskeldis. Framkvæmd eins og fiskeldi sem heimilar notkun framandi lífvera með þeim hætti sem hér er gert, ekki í lokuðu kerfi, verður í raun aldrei í samræmi við sjálfbæra þróun þ.e. að náttúruauðlindir séu nýttar án röskunar samfara félagslegum og efnahagslegum ábata. Þetta kemur til af því að svo virðist sem alltaf sé eitthvað um að fiskur sleppi og sú hætta er því fyrir hendi að sjúkdómar og erfðablöndun geti valdið varanlegu eða miklu tjóni þó sýna meggi fram á efnahagsleg og félagsleg gæði sem starfsemin getur hugsanlega leitt af sér.

Það er kannski ekki við hæfi að koma með eftirfarandi samlíkingu til útskýringar en það er hægt að líkja notkun á kynbættum norskum laxi í fiskeldi við að heimilað væri að sleppa ákveðnum fjölda af frjóum hrossum af erlendu kyni árlega hér á landi og leyfa þeim að fara um á stórum svæðum án nokkurra girðinga og vona svo að það verði ekki til þess að eiginleikar íslenskra hrossa tapist. Auðvitað er hér um að ræða annars vegar villta stofna og búfénað og því alls ekki í öllum tilfellum líku saman að jafna. Engu að síður er rétt að benda á þetta því í báðum tilfellum er um mikil verðmæti að ræða bæði í þeim skilningi að viðhalda stofnum dýrategunda sem hafa aðlagð sig að aðstæðum á Íslandi og að báðar tegundirnar eru nýttar með góðum árangri. Það sem skiptir mestu máli er þó að gæta þess að viðhalda til framtíðar þeim miklu líffræðilegu verðmætum sem felast í villtum laxastofnum. Að mati Náttúrufræðistofnunar, í ljósi þeirra gagna sem eru lögð fram í frummatsskýrslunni, er tekin mikil áhætta ef heimilað verður að nota norskan kynbættan lax með þeim hætti og í því magni sem farið er fram á við stendur Íslands. Auk þess eru áhrifin mjög óviss og að mörgu leiti falin því það getur verið mjög erfitt að fylgjast með hvar framandi stofnar af laxi bera niður og hver áhrifin verða. Gildir þetta líka um sjúkdóma. Verði laxeldi heimilað í þessu tilfelli og öðrum þá á að mati stofnunarinnar að gera ströngustu öryggiskröfur í rekstri og skylda rekstraraðila til að sýna fram á með rannsóknum og vöktun að rekstur þeirra valdi ekki varanlegum skaða hvort sem slys verða eða ekki. Á það skal bent að í frummatsskýrslunni gerir framkvæmdaraðili sér fulla grein fyrir áhættunni.

Athugasemdir við einstaka þætti frummatsskýrslunnar

Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur atriði sem betur mætti kanna og geta augljóslega haft áhrif:



1. Litlar sem engar rannsóknir virðast hafa farið fram á atferli gönguseiða eða laxa í sjó í Ísafjarðardjúpi, sjá t.d. bls. 60-61 og 120. Þessi þekking gæti verið nauðsynleg vegna staðsetningar á sjókvíum t.d. í tengslum við útbreiðslu sjúkdóma.

2. Í frummatsskýrslunni kemur fram, bls. 62, að landsel hefur fækkað úr um 34.000 dýrum í um 11.000 dýr árið 2011 eða um 2/3. Fram kemur að nokkrar kvíapýrpingar verða í nágrenni við sellátur og að viðfangsefni rekstraraðila verði að halda selum frá eldinu. Ekki kemur fram hvernig það verður gert. Fyrir vel flestar dýrategundir væri fækkun sú sem hefur orðið í selastofninum talin mjög alvarleg. Þrátt fyrir að afstaða hér á landi til sela hafi verið sú á tímabili að þeir væru nánast réttdræpir hvar og hvenær sem er, vegna tengsla við hringorma í fiski, þá telur Náttúrufræðistofnun að fara eigi með selastofninn eins og önnur dýr og að öll nýting stofnsins eigi að vera sjálfbær. Það er því ástæða til að upplýsa með hvaða hætti verður staðið að því að halda sel frá sjókvíum.

3. Í frummatsskýrslunni er nokkuð rætt um skörun milli fiskeldis og rækjuveiða, bls. 68-70. Í því sambandi er sérstaklega tekið fram að sami aðili og er með fiskeldið stundi einnig rækjuveiðar. Náttúrufræðistofnun telur að ákvörðun um verndun svæða fyrir fiskeldi í tengslum við verndun búsvæða rækju eða veiða á rækju eigi að vera óháð því hverjir stunda fiskeldi og/eða rækjuveiðar heldur séu ákvarðanir hvað þetta varðar teknar út frá sjónarmiðum um sjálfbæra nýtingu og vernd tegunda og búsvæða þeirra.

Einnig er fjallað um skörun við kræklingaeldi í Seyðisfirði, en áhrif almennt talin jákvæð, bls. 65. Ekki koma fram sjónarmið þeirra sem hafa leyfi til kræklingaeldis.

4. Á bls. 66 kemur fram að skörun virðist vera milli eldissvæða ólíkra fyrirtækja í laxeldi. Ábending.

5. Á bls. 100 kemur fram að ekki er lokið við burðarþolsmat fyrir Ísafjarðardjúp en verið að vinna að því. Burðarþolsmat hefur heldur ekki farið fram fyrir einstök svæði. Náttúrufræðistofnun telur að ljúka eigi við burðarþolsmat áður en matsskýrslu er skilað og áður en endanlegt mat er lagt á það fiskeldi sem hér er til umfjöllunar sem og samlegðaráhrif vegna fiskeldis í Ísafjarðardjúpi.

6. Á bls. 107 undir kafla 5.3.6 segir að fyrirhuguð fiskeldissvæði hafi ekki verndargildi. Ekki kemur fram hvort hér er átt við formlegt verndargildi t.d. með tilvísun í náttúruverndarlög eða hvort átt er við verndargildi almennt. Þó er bent á að þar kunni að finnast fornminjar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að rökstyðja hvers vegna fiskeldissvæðin hafa ekki verndargildi að mati framkvæmdaraðila.

7. Í frummatsskýrslunni er góð umfjöllun um þá hættu sem getur falist í erfðablöndun. Þar eru m.a. raktir eiginleikar og óskostir eldislaxsins fyrir náttúrulega stofna af laxi (t.d. minni lífslíkur blandaðra fiska) og lagt er mat á hvað mikið af laxi getur hugsanlega sloppið annars vegar sem hlutfall af tonnum framleitt á ári og hins vegar sem hlutfall af heildarfjölda laxa. Ef tekið er meðaltal af þeim hlutfallstöllum sem gefnar eru upp þá má gera ráð fyrir að 5.000 til 12.000 laxar geti sloppið á ári miðað við að framleitt verði um 27.000 tonn á ári, samlegðaráhrif. Í frummatsskýrslunni kemur fram að í Noregi skal fjarlægja eldislax úr ám ef hann nær 10% af stofni laxa í viðkomandi á og nái eldislax 4 % skal meta hvort þörf sé á að fjarlægja hann. Þessi nálgun byggir væntanlega á því að við lægri mörkin er talið að villtur stofn geti erfðafreðilega „varið“ sig gegn breytingum. Framkvæmdaraðili leggur til að



Þessum viðmiðum verði fylgt. Í frummatsskýrslunni er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé tímabært að nota geldan fisk í fiskeldi hér á landi.


Náttúrufræðistofnun telur að spyrja þurfi þeirrar spurningar á hvaða forsendum og hver hafi heimild til að leyfa notkun á kynbættum norskum laxi í sjókvíaeldi. Í lögum um fiskeldi virðist ekki vera nein ákvæði sem heimila þetta beint. Í 19 gr. laganna stendur: **Kynbættan eldisfisk er eingöngu heimilt að nýta til fiskeldis og óheimilt er að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit.** Vissulega er heimilt að nota kynbættan fisk í fiskeldi en sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að sleppa honum í fiskrækt eða hafbeit. Í sjókvíaeldi er það nánast öruggt að eitthvað af kynbættum norskum laxi mun sleppa og heimild til fiskeldis með þessum stofni sem er frjór jafnast því nánast við að veita leyfi til að sleppa fiskinum. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf einnig að skoða þetta nánar m.t.t. 63. greinar laga um náttúruvernd, innflutningur lifandi framandi lífvera, en þar er fiskeldi ekki undanskilið. Það er í það minnsta, að mati stofnunarinnar, mjög óeðlilegt að stofnanir, sem fara með leyfisveitingar vegna reksturs einstakra fiskelda, hafi þetta vald þar sem að áhrifin geta verið langt út fyrir einstök svæði og varðað villta laxastofna allt í kringum landið.

8. Á bls. 154 segir um umfang vöktunar vegna erfðablöndunar: *Hér er lagt til að í staðinn fyrir að hafa árlega vöktun verði framkvæmdar rannsóknir yfir ákveðið tímabil sérstaklega ef umfangsmiklar slysasleppingar verða.* Náttúrufræðistofnun telur það alls ekki viðeigandi að vöktun og rannsóknir eigi fyrst og fremst að gera yfir ákveðin tíma eða í tengslum við slysasleppingar. Ákveðnar rannsóknir er hægt að framkvæma yfir ákveðin tíma t.d. til að staðfesta hvort eða hvaða mismunandi stofna laxafiska er að finna í ám við Djúpið en vöktun er tilgangslaus ef hún er aðeins tímabundin. Vöktun er í eðli sínu endurtekin langtíma könnun til að fylgjast með breytingum. Eigi að svara þeirri spurningu hvort og hvaða áhrif norskur kynbættur lax hefur hér á landi þá þarf að vakta íslenskar ár fyrir, á meðan og eftir að fiskeldi líkur. Á bls. 154 segir t.d. í kafla 5.6.6: **Niðurstaða: Með tilliti til mótvægisáðgerða eru áhrifin óveruleg til nokkuð neikvæð og afturkræf.** Eigi að fást botn í það hvort þessi setning stenst eða ekki, t.d. um að erfðablöndun sé afturkræf, þarf að vakta laxastofna til langs tíma. Á það skal bent að í ljósi áforma um laxeldi víðar á landinu þarf að vakta laxastofna allt í kringum landið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

